

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðir, sem eru tölusettir sem liðir 30a, 30b, 30c, 30ca, 30caa, 30cab, 30cac, 30cb, 30d og 30e, skulu endurtölusettir sem 31. liður og liðir 31a, 31b, 31ba, 31baa, 31bab, 31bac, 31bb, 31c og 31d.
2. Liðir undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“, sem eru tölusettir sem 31. til 41. liður, skulu endurtölusettir sem 32. til 42. liður.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE):
„30a. **32007 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum (Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/16/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. .

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.